



## STAÐFESTING Á STAÐFESTINGARSKÍRTEINI

(„Yfirlýsingin“)

Félagsbústaðir hf.,  
Hallveigarstíg 1,  
101 Reykjavík  
berist framkvæmdastjóra

Reykjavík 31. október 2019

### Efni: Staðfesting á staðfestingarskírteini

Vísað er til veðhafasamkomulagsins dagsett 5. janúar 2018 („veðhafasamkomulagið“). Hugtök sem notuð eru í þessu skjali en eru ekki skilgreind sérstaklega skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í veðhafasamkomulaginu.

Vísað er einnig til staðfestingarskírteinis sem gefið er út af lántaka, dagsett 24. október 2019 („staðfestingarskírteinið“), sem staðfestir stöðu og útreikning lánaþekju, virði og veðsetningu hinna veðsettu eigna, útistandandi veðsettar kröfur og yfirlýsingu lánveitandi um að engin vanefndatilvik séu viðvarandi.

Undirritaður hefur farið yfir staðfestingarskírteinið og þær upplýsingarnar sem veðgæsluaðila voru afhentar með staðfestingarskírteininu og, í þeim tilfellum sem veðgæsluaðili taldi þörf á, var óskað eftir frekari upplýsingum frá lántaka („sjálfstæða yfirferðin“). Að lokinni sjálfstæðu yfirferðinni, þá eru niðurstöður veðgæsluaðila eftirfarandi:

Þann 30. september 2019 var lánaþekja eftirfarandi: 31,72%.

Sjálfstæð yfirferð á verðmæti hinna veðsettu eigna samræmist verðmatinu sem lántaki setur fram í staðfestingarskírteininu og er ekki efnislega frábrugðið því. Sjálfstæði yfirverð hefur átt sér stað á stöðu áhvílandi lána og staðfestingu á því að veðsettar eignir séu tryggðar.

Fyrir hönd ADVEL lögmanna slf. sem veðgæsluaðila.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sigurður V. Guðjónsson", is written over a horizontal line. Below the line, the text "ADVEL lögmenn slf." is printed in a smaller, black, sans-serif font.

**Sigurður V. Guðjónsson hdl.**